

**Ed.**

**853. Breytingartillaga**

[364. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við 1. mgr. nýrrar 12. gr. bætist: Stofnlánadeildin skal þó ekki yfirtaka hærri skuldir frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en sem svarar verðmæti og greiðslukjörum (vextir, verðtrygging, gjaldmiðlar) þeirra bankavaxtabréfa sem Stofnlánadeildin eignast.